

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Húnabyggð.

1. gr.
- Árlegt sorphirðugjald, vegna sorphirðu, sorpeyðingar og afnota af gámasvæði í Húnabyggð er sem hér segir:
- 1.1

A hverja íbúð og á lögbýli eða íbúðarhús sem hirt er á 21 dags fresti:

Sorphirðugjald

41.740 kr.

Sorpförgunargjald

41.740 kr.

Samtals

83.480 kr.

Þar sem eru stærri tunnur en 240 lítra þá eru gjöldin eftirfarandi:

240 lítra tunna

83.480 kr.

660 lítra tunna

166.960 kr.

1.100 lítra tunna

262.550 kr.

Gjald samkvæmt þessum lið miðast við að sorp sé hirt úr einu 240 lítra sorpíláti fyrir almennt sorp og einu 240 lítra sorpíláti fyrir pappír á hvern greiðanda. Óski greiðendur eftir fleiri sorpílátum skal greiða 37.200 kr. fyrir hvert viðbótar 240 lítra sorpílát.

1.2

Fyrir sumarhús, 32.590 kr. sorpförgunargjald, enda geti notendur þeirra losað sig við sorp á gámasvæði sveitarfélagsins samkvæmt gildandi reglum þar um.

1.3

Fyrir hesthús og gripahús í þéttbýli, 32.590 kr. á hús, enda geta eigendur notað gámasvæði sveitarfélagsins samkvæmt gildandi reglum þar um.

Fyrir hverja heimsókn á lögbýli til að sækja heyrúlluplast til förgunar eru greiddar 10.000 kr. auk virðisaukaskatts.

2. gr.

Gjald fyrir sorphirðu og sorpeyðingu skv. 1. gr. skal innheimta með fasteignagjöldum.

3. gr.

Að lokinni álagningu gjalda skv. 1. gr. gefst greiðendum 30 daga frestur til að gera athugasemdir við gjaldtöku sveitarstjórnar. Ósk um breytingu gjalda skal vera skrifleg og vel rökstudd og er sveitarstjórn heimilt að breyta gjaldtöku með tilliti til réttmætis framsettra athugasemda.

4. gr.

Gjaldskrá endurvinnslustöðvar er sem hér segir og þarf úrgangsflokkur að vera staðfestur af starfsmanni á gámastöð.

Afgreiðslugjald á gjaldskyldum flokkum er að lágmarki 2.160 kr. með vsk. Þeir sem koma með úrgang á gámastæðið að Efstubraut 5a, Blönduósi, greiða eftir rúmmáli fyrir losun á úrgangi í eftirtöldum flokkum:

Stærð farms:	0,25 m³	0,50 m³	0,75 m³	1 m³
Gjald	2.160 kr.	4.310 kr.	6.470 kr.	8.620 kr.

Stærri farmar eftir magni að 5 m³ er reiknað út frá 1 m³ gjaldi. Þegar um stærri farma er að ræða (5-10 m³) þarf að semja sérstaklega um móttöku þeirra.

	Gjaldskylt frá heimilum	Gjaldskylt frá rekstraraðilum
Vörubretti, kassar o.þ.h.	Já	Já
Tímbur – þar með talið ljós-/hvítmálað eða plasthúðað frá framkvæmdum	Já	Já
Húsgögn o.þ.h.	Nei	Já
Grófur úrgangur frá framkvæmdum	Já	Já
Bólstruð húsgögn, dýnur o.þ.h.	Nei	Já

Blandaður úrgangur frá framkvæmdum	Já	Já
Blandaður heimilisúrgangur o.þ.h.	Nei	Já
Steinefni frá framkvæmdum	Já	Já
Bílrúður	Já	Já
Jarðvegur	Já	Já
Gras og hey	Nei	Já
Trjágreinar	Já	Já
Garðaúrgangur	Nei	Já
Brotajárn	Nei	Já

Flokkaður úrgangur sem fer til endurvinnslu er án gjalds fyrir alla. Flokkaður úrgangur skal vera án aðskotahluta eða mengandi efna í samræmi við reglur um flokkun og móttöku úrgangs.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Húnabyggðar á grundvelli samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Húnabyggð og 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og öðlast þegar gildi. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Húnabyggð, nr. 1710/2023.

Blönduósi, 10. desember 2024.

Pétur Arason sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 21. janúar 2025